



545. fundur stjórnar SASS

haldinn að Austurvegi 56 Selfossi

4. apríl 2019, kl. 13:00 – 16:00

Mætt: Eva Björk Harðardóttir, formaður, Ari Björn Thorarensen, Helgi Kjartansson, Grétar Erlendsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Friðrik Sigurbjörnsson og Lilja Einarsdóttir sem varamaður Bjarkar. Jóna Sigríður Guðmundsdóttir og Ásgerður Kristín Gylfadóttir tengdust fundinum með fjarfundabúnað. Björk Grétarsdóttir boðaði forföll. Þá sat fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Á fundinn komu undir dagskrárlíð tvö frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) Herdís Gunnarsdóttir forstjóri, Sigurð Árnason læknir og Rán Jósepsdóttir hjúkrunarfræðingur. Undir dagskrárlíð þrjú kom Þorvarður Árnason, forstöðumaður rannsóknarseturs HÍ á Höfn

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð

Fundargerð 544. fundar undirrituð.

2. Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Herdís Gunnarsdóttir forstjóri, Sigurður Árnason læknir og Rán Jósepsdóttir hjúkrunarfræðingur kynna fjarheilbrigðisþjónustuverkefni sem nú eru í gangi hjá HSU. Annars vegar er það verkefnið sem á rætur sínar til Kirkjubæjarklausturs, varðandi samstarf hjúkrunarfræðinga og lækna í gegnum fjarbúnað á heilsugæslustöðvum í Laugarási, Rangárþingi og í Vestmannaeyjum, auk Kirkjubæjarklausturs. Hins vegar er það tilraunaverkefni með Memaxi forritið fyrir þjónustunotendur í Rangárþingi. Memaxi hjálpar þjónustunotendum til þess að hafa betri yfirsýn yfir dagsskipulagið, auðveldar samskipti og gerir þeim kleift að lifa sem sjálfstæðustu lífi. Memaxi auðveldar notendum að skipta með sér verkefnum og deila ábyrgð. Sigurður og Rán fóru yfir reynsluna af notkun búnaðarins og helstu kostina við notkun hans og hvað áskoranir þau og þjónustuþegar stæðu helst frammi fyrir. Umræður um hvort félagsþjónusta sveitarfélaganna geti þróað sína þjónustu og samnýtt Memaxi forritið sem þegar eru í notkun hjá þjónustunotendum. Formaður þakkaði fyrir áhugaverða kynningu.



3. Félagsleg þolmörk íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu

Þorvarður Árnason, forstöðumaður rannsóknarseturs HÍ á Höfn kynnti niðurstöður rannsóknar um Félagsleg þolmörk íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu en verkefnið er eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands.

Verkefnið fólst í að afla gagna hjá íbúum á Suðurlandi og kanna hver félagsleg þolmörk þeirra eru gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu út frá hinum ýmsu þáttum í innviðum samfélagsins í kjölfar hins stórauðna ferðamannastraums í landshlutanum. Allt Suðurland var tekið fyrir en nauðsynlegt er að vöxtur í ferðaþjónustu eigi sér stað í sátt við íbúa og samfélagið allt.

Hér á eftir má sjá samantekt á helstu niðurstöðum en heimamönnum finnst brýnustu viðfangsefnin tengjast:

- Vegakerfinu / umferðinni
- Almannaþjónustu (heilsu- og löggæslu)
- Húsnæðismálum (aðgangi að leiguhúsnæði)
- Fagmenntun og menntun millistjórnenda
- Aukin tungumálakunnátta erlends starfsfólks
- Aukið samráð við íbúa um framtíð byggðapróunar

Verið er að leggja lokahönd á skýrsluna og hún verður tilbúin á næstu vikum. Formaður þakkaði fyrir áhugaverða kynningu.

4. Sóknaráætlun Suðurlands

a. Stefnumörkun Sóknaráætlun Suðurlands 2020 – 2024

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu verklag við stefnumörkun Sóknaráætlun Suðurlands 2020 – 2024 og drög að samningi við Capacent um vinnu við gerð nýrrar sóknaráætlunar. Umræður. Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga frá samningnum.

Við mótun nýrrar sóknaráætlunar verða sjö íbúafundir haldnir um atvinnu- og menningarmál í landshlutanum. Þeir verða haldnir á eftirfarandi stöðum og dögum í apríl: Vestmannaeyjar, 4. apríl ; Höfn, 8. apríl ; Selfoss, 9. apríl ; Klaustri, 10. apríl ; Flúðir, 11. apríl ; Hvolsvöllur, 29. apríl og Vík, 30. apríl.

b. Staðfesting fyrri úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands 2019

Alls bárust 107 umsóknir í fyrri úthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands 2019. Umsóknir í flokki atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna voru 49 og í flokki menningarverkefna voru 58.

Stjórn SASS staðfestir úthlutun verkefnastjórnar Sóknaráætlunar Suðurlands eins og hún kemur fram í fundargerð 2. fundar verkefnastjórnar sem haldinn var 4. apríl sl. Samþykkt að veita 50 m.kr. í styrk til 74 verkefna. Í flokki atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna eru 29 styrkt um samtals 24,8 m.kr. og í flokki menningarverkefna eru 45 verkefni styrkt um samtals 25,35 m.kr. Ásgerður tók ekki þátt í afgreiðslu menningarstyrkja.



Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni:

Fjölnýting varma í dreifbýli	Raföld ehf.	2.000.000
Broddur byggir upp - áhrif inntöku	Jorth ehf.	1.800.000
Baðhús Eyrarbakka	1765 ehf.	1.500.000
Project Lucia grow light	Lumen ehf.	1.500.000
Kolefnisjöfnun með endurvinnslu á plasti	Áslaug Hulda Jónsdóttir	1.500.000
Umhverfisvænt viðgerðarmalvik	Midvik ehf.	1.500.000
Mosey - Hreinsivörur	MOSEY ehf.	1.400.000
Fjölin timburvinnsla	Skúli Thoroddsen	1.000.000
Beauty by Iceland	Erna Hödd Pálmadóttir	1.000.000
Áhrif LED lýsingar á gróðurhúsatómata	Landbúnaðarháskóli Íslands	1.000.000
Hlöðueldhúsið, þróun hugmyndar	Hrönn Vilhelmsdóttir	1.000.000
Icelandic Lava Show - þróun minjagripa	Ragnhildur Ágústsdóttir	1.000.000
Ride With Locals markaðssetning erlendis	Ride With Locals ehf.	800.000
Þróunarv. um alþjóðaflugvöll í Árborg	Andri Björgvin Arnþórsson	750.000
Endurvinnsla með vermicompost aðferð	Sigurjón Vídalín Guðmundsson	750.000
Gestafjánhús	Gljasteinn ehf.	600.000
Heimsókn í fjárhús	Einar Kristinn Stefánsson	600.000
Wappaðar leiðir í Vatnajökulsþjóðgarði	Wapp - Walking app ehf.	500.000
Kynning á manngerðum hellum á Ægissíðu	Árni Freyr Magnússon	500.000
Varðveisla og þróun ávaxtaryrkja	Ólafur Sturla Njálsson	500.000
Umhverfisstjórnunark. fyrir sveitarfélög	Elísabet Björney Lárusdóttir	500.000
Uppspuni - Smáspunaverksmiðja	Sveitakarlinn ehf.	500.000
DFS TV	Gunnar Páll Pálsson	500.000
Heilsueflandi markaðssókn	Jaqueline Cardoso da Silva	400.000
Nýsköpunarverkefni í steinsteypu	Spesían ehf.	400.000
Tröllaleitin	Ágúst Freyr Kristinsson	400.000
VAX	Sandra Grétarsdóttir	300.000
Ilmurinn p.2	Ásthildur Þorsteinsdóttir	300.000
Hugbúnaðarhúsið Hekla	Eyþór Máni Steinarsson	300.000

Menningarverkefni:

Sumartónleikar í Skálholti 2019	Sumartónleikar Skálholtskirkju	1.500.000
Með eld í hjarta	Góli ehf.	1.500.000
Íspinninn	Margrét Gauja Magnúsdóttir	1.200.000



Morgunskógurinn	Gullkistan, miðstöð sköpunar ehf.	1.000.000
Ferð til eldjöklanna 2. áfangi	Halldór Ásgeirsson	1.000.000
Vírdós tónlistarhátíð	Vilhjálmur Magnússon	1.000.000
Englar og menn 2019	Björg Þórhallsdóttir	900.000
Ullarvíka 2020 - South Iceland Woolweek	Pingborg svf.	800.000
Þjóðsagnavefur - Suðurland	Kirkjubæjarstofa	800.000
Eins vetra (fyrri hluti)	Home Soil ehf.	800.000
Teikning (vinnuheiti)	Listasafn Árnesinga	800.000
Norðurljósablús 2019 tónlistarhátíð	Blús- og rokkklúbbur Hornafjarðar	800.000
Smáleikhúsið	Aron Martin de Azevedo	750.000
Saga Listavinnusetur	Hrefna Lind Lárusdóttir	700.000
Menningarstarf að Kvoslæk	Rut Ingólfssdóttir	650.000
Farfuglar um suðurland	Sigurgeir Skafti Flosason	600.000
Kambur þar sem listin lifir	María Björk Gunnarsdóttir	500.000
70 ára afmælishátíð Skógasafns	Byggðasafnið í Skógum	500.000
BRIM kvikmyndahátíð	Guðmundur Ármann Pétursson	500.000
Prettándinn - heimildarmynd	SIGVA media ehf.	500.000
Lífið í skóginum (vinnuheiti)	Eva Bjarnadóttir	500.000
Söngur og sagnir af Suðurlandi	Hilmar Örn Agnarsson	500.000
Áframhald Handverksdagur gamalla hefða	Víkingafélag Suðurlands	450.000
Tjarnarsýn	Náttúrustofa Suðausturlands ses.	450.000
Blúndur & Blásýra	Leikfélag Vestmannaeyja	400.000
Sagan gerð aðgengileg	Héraðsskjalasafn Árnesinga	400.000
Bækur og bakkelsi	Héraðsskjalasafn Árnesinga	400.000
Heimamaðurinn Locals	Lília Andreia Ferreira De Carvalho	400.000
Lífið í skóginum (vinnuheiti)	Elín Gunnlaugsdóttir	400.000
Brassrock Lúðrasveitar Þorlákshafnar	Lúðrasveit Þorlákshafnar	400.000
Bach kantötur á Skálholtshátíð	Jón Bjarnason	400.000
Undurdjúp - tónleikaröð	Unnur Malín Sigurðardóttir	400.000
Walden - Lífið í skóginum	Auður Hildur Hákonardóttir	380.000
Tónahátíð í Flóahreppi 2019	Flóahreppur	350.000
Argentísk tangóveisla á Friðheimum	Jón Bjarnason	350.000
Nýjir íbúar Bláskógabyggðar	Herdís Friðriksdóttir	300.000
Fuglatónleikar - Eru fuglar líka fólk?	Bakkastofa ehf.	300.000
Hálft í hvoru - Tónleikar	Kristín Jóhannsdóttir	300.000



Tekið á móti Stúlku á Konubókastofu	Konubókastofan, félagasamtök	250.000
Listasmiðja við ströndina	Alda Rose Cartwright	250.000
Umbrotatímar með Svabba Steingríms	Sindri Ólafsson	250.000
ListiVík	Antoine Michel Briec Blondé	200.000
Vinafélag gamla bæjarins í Múlakoti	Björn Bjarnason	200.000
Myndir á sýningu	Jóhann Ingvi Stefánsson	200.000
Furðufiskur í grennd (vinnuheiti)	Sveitarfélagið Hornafjörður	120.000

5. Önnur mál til kynningar og umræðu

a. Fundargerðir stjórnanna annarra landshlutasamtaka og sambandsins

Lagðar fram til kynningar, fundargerð 318. fundar stjórnar Eypings, 468. funda stjórnar SSH, 42. fundar stjórnar SSNV, 144. fundur stjórnar SSV, 869. fundar sambandsins og 51. fundar stýrihóps um byggðamál.

b. „Landfræðilegt og efnahagslegt litróf landbúnaðar á Íslandi“

Framhaldsumræður um skýrslu Vífils Karlsson, ráðgjafi hjá SSV, sem tekin var saman um stöðu landbúnaðar. Verði ný framkomið frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru að lögum verður innflutningur heimilaður á ófrystu kjöti.

Stjórn SASS verkur sérstaka athygli á efnahagslegu mikilvægi landbúnaðar á Suðurlandi og að bein og óbein áhrif hans í landshlutanum eru samfélaginu afar mikilvæg auk þess sem landbúnaður hefur líka mikil áhrif á vöxt og viðgang annarra atvinnugreina. Verði frumvarpið að lögum er mikilvægt að landbúnaðarvörur verði merktar upprunalandi með tryggum hætti og að sömu kröfur og gildi við framleiðslu innlendra landbúnaðarvara og þeirrar innfluttu, t.d. varðandi aðbúnað og lyfjagjöf. Í ljósi mikillar umræðu um neikvæð áhrif innflutnings á ófrystu kjöti á búfénað og lýðheilsu er mikilvægt að þau séu metin út frá fyrirliggjandi gögnum. Einnig er mikilvægt að viðhalda varnarlínum þannig að hægt verði að vernda ákveðin svæði ef upp koma sjúkdómar.

c. 50 ára afmæli SASS

Formaður kynnti málið en stofnfundur SASS var haldinn 12. apríl 1969 eða fyrir 50. árum síðan. Á ársþingi samtakanna í október sl. var ákveðið að minnast afmælisársins með því að fara í áhersluverkefni um forvarnir gegn vímuefnum. Umræðu frestað til næsta fundar.

d. Almenningsgangur

Framkvæmdastjóri kynnti frumhugmyndir um að landshlutasamtökin og Vegagerðin stofnuðu með sér félag um rekstur almenningsgangna. Vilji ráðuneytis samgöngu- og sveitarstjórnarmála er að eitt félag tryggi framgang almenningsgangna um land allt.



e. Fundur formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna

Formaður sagði frá fundi formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna sem fram fór á Grand hótél 28. mars sl. Samband íslenskra sveitarfélaga mun boða til aukalandsþings í haust.

f. Staða vinnu starfshóps um stöðu og hlutverk landshlutasamtaka

Ásgerður kynnti vinnu starfshópsins og þær sviðsmyndir sem nú liggja fyrir. Framundan er forgreining á stöðunni og í framhaldi verða haldnir samráðsfundir með m.a. stjórnnum landshlutasamtakanna, kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum og starfsmönnum landshlutasamtakanna. Starfshópurinn gerir ráð fyrir að skila tillögum til ráðherra í haust.

g. Áform um skerðingu á framlögum úr Jöfnunarsjóði

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) mótmælir harðlega þeim áformum ríkisstjórnarinnar að skerða framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um rösklega 3,3 ma.kr. á árunum 2020 og 2021. Skerðingin kemur harðast niður á útgjaldajöfnunarframlögum, en þau renna einkum til sveitarfélaga á landsbyggðinni sem hafa mörg hver veikan fjárhag. Skerðingin kemur einnig niður á framlögum til þjónustu við fatlað fólk og getur falið í sér að draga verði úr þeirri þjónustu.

Áætlað tekjutap sveitarfélaga á Suðurlandi af framlögum til útgjaldajöfnunar og vegna fasteignaskatts er um 505 m.kr. og vegna málefna fatlaðra 29 m.kr. Framlög til málefna fatlaðra hafa ekki staðið undir rekstrarkostnaði og bætir þetta ekki stöðu þess málaflokks.

Árið 2015 voru samþykktar leiðréttingar á framlögum til málefna fatlaðra sem námu um 1,5 ma.kr. Sú niðurstaða var samkomulag sem byggði á löngu og ítarlegu samráðsferli milli ríkis og sveitarfélaga. Að þurrka nánast út með einu pennastriki þann árangur sem þá náðist er í hróplegu ósamræmi við það samstarf við ríkið sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur lagt mikla vinnu í að styrkja á liðnum áratug.

Einhliða ákvörðun ríkisvaldsins af þessu tagi er í andstöðu við það formlega samráðsferli ríkis og sveitarfélaga sem hefur þróast á undanförunum árum og fela áform þessi í sér algeran trúnaðarrest gagnvart sveitarfélögunum í landinu. Ekki getur með nokkrum hætti talist eðlilegt að áhersla á að bæta afkomu ríkissjóðs skili sér í skerðingum á tekjum sveitarfélaganna, sem standa undir mjög stórum hluta almannaþjónustu í landinu.

Stjórn SASS krefst þess að áform um skerðingu tekna Jöfnunarsjóðs verði afturkölluð þegar í stað.

Næsti fundur stjórnar verður fimmtudaginn 16. maí nk.

Fundi slitið kl. 16:00.

Eva Björk Harðardóttir
Jóna Sigríður Guðmundsdóttir
Arna Ír Gunnarsdóttir



Lilja Einarsdóttir
Helgi Kjartansson
Grétar Erlendsson
Ásgerður Kristín Gylfadóttir
Ari Björn Thorarensen
Friðrik Sigurbjörnsson